

REGLUGERÐ

um greiðslur úr fódursjóði til loðdýraræktar og fiskeldis.

1. gr.

Innflytjendur fódurs sem notað er til loðdýraræktar og fiskeldis eiga rétt á að fá greitt fé úr fódursjóði sem nemur jafnvirði þeirra fódurtolla sem innheimtir eru samkvæmt lögum nr. 87/1995 um breytingu á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Umsókn um greiðslu úr fódursjóði skal studd eftirfarandi gögnum:

- staðfestu ljósriti af aðflutningsskýrslu.
- staðfestingu aðfangaeftirlitsins um að varan sé ætluð til loðdýraræktar eða fiskeldis.
- yfirlýsingu umsækjanda eða notanda um að varan hafi farið til loðdýraræktar eða fiskeldis.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur úr fódursjóði til innflytjenda. Skal Framleiðsluráð meta umsóknir og afgreiða fullgildar umsóknir um greiðslu úr fódursjóði án ástæðulausrar tafar.

Hafi verið veitt heimild til útgáfu á skuldaviðurkenningu til tryggingar greiðslu fódurtolls er heimilt að skuldajafna greiðslu úr fódursjóði til lúkningar greiðslu skv. skuldaviðurkenningu.

4. gr.

Reikningar fódursjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um afnám auglýsingar um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Felld er úr gildi auglýsing nr. 570/1995 um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.